



ÖLFUS

Samkomulag um aðgengi nemanda úr dreifbýli Ölfuss að leik- og grunnskólum, frístundaheimilum og félagsmiðstöð Árborgar

Sveitarfélagið Árborg, kt. 650598-2029 og Sveitarfélagið Ölfus, kt. 420369-7009 gera með sér svofellt samkomulag um aðgengi skólabarna í Árbæjarhverfi að leik- og grunnskólum, frístundaheimili og félagsmiðstöð Árborgar:

1. gr.

Með samkomulagi þessu skuldbindur Sveitarfélagið Árborg sig til að veita nemendum námsvist í Vallaskóla sem skulu stunda nám í 1.-10. bekk grunnskóla, og eru búsettir í Árbæjarhverfi í Sveitarfélaginu Ölfusi. Beiðni um námsvist fyrir komandi skólaár skal berast skólanum eigi síðar en 1. mars ár hvert, sé viðkomandi búsettur í Árbæjarhverfi á þeim tíma. Óski nemandi eftir námsvist í öðrum grunnskóla í Sveitarfélaginu Árborg skal sækja um það sérstaklega til fjölskyldusviðs sveitarfélagsins. Ekki er hægt að ganga að vísri námsvist í öðrum grunnskólum Árborgar.

2. gr.

Fyrir námsvist nemenda í 1.-10. bekk samkvæmt 1. gr. þessa samkomulags, skal greiða mánaðarlegt gjald, í nýu og hálfan mánuð á ári.

Grunnskóli: Framlag Sveitarfélagsins Ölfuss vegna grunnskólastarfsemi skal við upphaf samnings skal vera kr. **2.121.751** á ári fyrir hvern nemanda. Framlagið byggir á áætluðum heildarkostnaði pr. nemanda í Vallaskóla fyrir árið 2021 með 5% álagi vegna tengdrar þjónustu s.s. starfsemi félagsmiðstöðva, skólaþjónustu, auk stjórnsýsluverkefna sem tengjast starfsemi grunnskólanna með beinum hætti (störf stjórnenda skólaþjónustu og fjölskyldusviðs, innheimta og önnur stjórnsýsluverkefni)

Framangreint greiðslufyrirkomulag á ekki við um börn sem eru við nám í Sérdeild Suðurlands. Komi til þess að nemandi fari úr almennum skóla yfir í sérdeild breytast greiðsluforsendur. Gerð verður greiðsluáætlun í upphafi hvers skólaárs út frá þeim forsendum sem þá liggja fyrir.

Leikskóli: Framlag Sveitarfélagsins Ölfuss vegna leikskólastarfsemi skal við upphaf samnings vera kr. **2.994.944** á ári per nemanda. Fyrir það framlag er Ölfusi tryggð leikskólavist fyrir börn á leikskólaaldri sem búa í Árbæjarhverfi. Framlagið byggir á áætluðum heildarmeðalkostnaði leikskólanema í leikskólum Sveitarfélagsins Árborgar með 5% álagi vegna stjórnsýsluverkefna sem tengjast starfsemi leikskólanna með beinum hætti, sbr. um grunnskóla hér framar, að frádregnum skólagjöldum foreldra sem innheimt eru sérstaklega.

Þróun framlaga: Framlög samkvæmt framansögðu skulu fylgja vísitölu neysliverðs að 1/3 hluta og vísitölu launa að 2/3 hluta og uppreiknast 1. janúar ár hvert, í fyrsta sinn 1. janúar 2023. Vísitala neysliverðs við upphaf samnings miðar við vísitölu neysliverðs **517,9** og vísitala launa **835,4** þann 1. janúar 2022.

Í framlögum þeim sem tilgreind eru er innifalinn allur almennur skólakostnaður, svo sem varðandi almennan stuðning/sérkennslu, félagsstörf, skólaferðir, námskeið, aðgang að mötuneyti, almenna skólaþjónustu og aðra þjónustu sem nemendur skólanna njóta, þ.e. allur sá kostnaður sem ekki er sérgreindur í öðrum greinum þessa samnings.

3. gr.

Sérþarfir nemenda: Almenn stuðningur/skólaþjónusta er innifalin í framangreindu gagngjaldi. Frekari þjónusta vegna einstaklingsbundins stuðnings- eða sérkennslu greiðist af Sveitarfélaginu Ölfusi. Leggja skal fram rökstudda greinargerð um slíka einstaklingsbundna stuðnings- eða sérkennslu með kostnaðaráætlun til samþykktar hjá Sveitarfélaginu Ölfusi áður en til innheimtu fyrir þá þjónustu kemur.

4. gr.

Fyrir hvert leikskólarými sem Sveitarfélagið Ölfus nýtir sér skv. þessu samkomulagi innheimtir Sveitarfélagið Árborg mánaðarlegt gjald af foreldrum/forráðamönnum í samræmi við gjaldskrá eins og hún er á hverjum tíma.

5. gr.

Skólaakstur: Reglubundinn akstur með nemendum úr Sveitarfélaginu Ölfusi, til og frá grunnskólum Sveitarfélagsins Árborgar, er alfarið á vegum Ölfuss. Hins vegar þurfa skólabílstjórar að vera í góðu sambandi við skólastjóra Vallaskóla v/nemenda í skólaakstri og ýmissa viðburða.

6. gr.

Verði nemendafjöldi í árgangi úr Árbæjarhverfi það mikill að fjölga þurfi umsjónarhópum í Vallaskóla skal metinn sá kostnaður sem af því hlýst og samið um hann sérstaklega.

7. gr.

Komi til þess að barn sem samningur þessi fjallar um þurfi á sértækri aðstoð eða umönnun að halda vegna veikinda eða fötlunar skal samið um það sérstaklega milli aðila. Sveitarfélagið Ölfus greiðir þann viðbótarkostnað sem slíkt samkomulag kann að hafa í för með sér.

8. gr.

Foreldrum barna í Árbæjarhverfi sem eru með börn sín í Vallaskóla samkvæmt samkomulagi þessu, er heimilt að sækja um að fá aðgang að frístundaheimilinu Bifröst. Umsókn um vistun og greiðsla foreldra/forráðamanna fer eftir reglum um frístundaheimili Árborgar og gjaldskrá hverju sinni. Innheimta tekur mið af hlutfalli dvalartíma barnsins í frístund og innheimtir einnig gjöld af foreldrum/forráðamönnum. Sveitarfélagið Ölfus skuldbindur sig til að taka þátt í kostnaði vegna frístundaheimilis. Kostnaðarhlutdeild Ölfuss vegna frístundaþátttöku barna í Bifröst skal reikna út frá meðalkostnaði á barn í frístund, m.v. við fjölda barna hverju sinni og fjárhagsáætlun ársins. Sé um takmarkað rými að ræða í Bifröst skulu nemendur úr Sveitarfélaginu Árborg sitja fyrir með pláss.

9. gr.

Samkomulag þetta tekur gildi 1. ágúst 2022 og gildir til 31. júlí 2024. Samkomulagið er uppsegjanlegt á samningstímanum, af hálfu hvors aðila fyrir sig með sex mánaða fyrirvara. Samkomulagið miðast við núverandi fjölda íbúða í Árbæjarhverfi og ef upp koma áform um frekari fjölgun íbúða tekur samingurinn ekki sjálfkrafa til slíkrar uppbyggingar.

10. gr.

Rísi ágreiningur um túlkun á samkomulagi þessu skulu sveitarstjórnir leitast við að jafna þann ágreining. Leiði það ekki til niðurstöðu skal ágreiningsmál rekið fyrir Héraðsdómi Suðurlands.

12. gr.

Með samkomulagi þessu falla úr gildi áður gerðir samningar á milli sveitarfélaganna um námsvist skólabarna í grunn- og/eða leikskólum Árborgar.

13. gr.

Af samkomulagi þessu eru gerð tvö samhljóða eintök, eitt handa hvorum samningsaðila.

Rafræn undirritun 11. apríl 2022.

Gísli Halldór Halldórsson
Fh. Sveitarfélagsins Árborgar
með fyrirvara um samþykki bæjarráðs.

Ellíði Vignisson
Fh. Sveitarfélagsins Ölfuss